

Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	RALV1RÖ03 – Verkefni 3.	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Raflögn með veggjlósi.

Þetta verkefni er framhald af verkefni 4.

Núna eigið þið að bæta við veggdós og leggja rör að henni. Þið þurfið að vanda ykkur við að beygja rörið svo verkefnið líti vel út. Beygjan má ekki vera of kröpp og ekki of víð.

Teiknið fjöllínmynd eftir einlín myndinni þar sem tilgreind eru heiti og litir víra og sýnd tákn. Þegar þið hafið fengið hana samþykka hjá kennara eigið þið að draga víra í nýja rörið og tengja einpóla rofann við veggjlósið.

Athugið að í öllum ljósadósum á að vera jörð.

Athugið að öll mál eru gefin upp í millimetrum.

Þegar þið teljið ykkur vera búin að tengja kallið þið í kennarann sem fer yfir tengingar með ykkur áður en þið prófið.

Þegar þið hafið lokið við verkefnið takið þið mynd af spjaldinu ykkar sem fer í skilahólf merkt skilaverkefni 2, ásamt fjöllín myndinni og ykkar lýsingu á verkefninu.

Í lýsingu á að koma fram hvernig ykkur gekk að vinna verkefnið, hvað ykkur fannst erfitt og svo annað sem þið viljið að komi fram.

